

Aðalfundur Sjóvá- Almennra trygginga hf. 2021

Fundargerð

Föstudaginn 12. mars 2021 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn á Hotel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík en að auki var boðið upp á rafræna þátttöku í gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutfjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
12. Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2020 sem og starfskjarastefna.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Hildur Árnadóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Þá sátu fundinn þau Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Sæmundur Valdimarsson frá endurskoðanda félagsins KPMG.

Formaður stjórnar setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald, hrl. sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf, hdl. sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara auk þess sem mætt fyrir eigendur samtals 76,07% hlutfjár félagsins.

Í byrjun fundar útskýrði fundarstjóri hvernig framkvæmd fundarins yrði þar sem fundurinn fór fram í fyrsta skipti í sögu félagsins sem bæði stað- og rafrænn fundur. Þá fór fundarstjóri yfir kosningafyrirkomulag fundarins sem var eingöngu með rafrænum hætti í gegnum snjalltæki eða tölvu.

Var þá gengið til dagskrár.

JCE
AK

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2020

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Björgólfur fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2020 en hann kvað rekstur Sjóvá hafa verið með besta móti á árinu hvort sem horft væri til váttrygginga- eða fjárfestingastarfsemi. Hann sagði bættu afkomu í váttryggingarekstrinum vera afrakstur markvissra aðgerða innan félagsins undanfarin ár og í takt við langtímamarkmið um afkomu. Þessar aðgerðir hafi meðal annars miðað að heilbrigðum iðgjaldavexti. Því til viðbótar hafi höfuðáhersla verið lögð á að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og það hafi. Það sæist best á að Sjóvá hafi verið með ánægðustu viðskiptavinum á váttryggingamarkaði síðastliðin 4 ár. Björgólfur greindi einnig frá því að afkoma af fjárfestingastarfsemi hafi verið mjög góð á árinu og langt umfram það sem alla jafna mætti vænta, sérstaklega þegar litið væri til hlutabréfamarkaðar. Afkoma af fjárfestingastarfsemi væri háð sveiflum á verðbréfamörkuðum og það sanni og sýni mikilvægi þess að afkoma af váttryggingastarfsemi sé viðunandi.

Björgólfur sagði frá því að starfsfólk Sjóvá hafi haldið áfram að sinna viðskiptavinum með framúrskarandi hætti við krefjandi og mismunandi aðstæður á sl. ári. Bæði vegna Covid 19 og náttúruhamfara. Oft hafi reynt á sérfræðipækkingu starfsmanna hvort sem er við úrvinnslu tjóna eða við að lágmarka tjón. Björgólfur sagði það hlutverk félagsins að standa með viðskiptavinum við krefjandi aðstæður og bæta tjón sem váttryggingavernd þeirra nær yfir. Traustur rekstur og efnahagur geri félaginu kleift að sinna því hlutverki vel. Björgólfur kvað Sjóvá búa yfir sterkum stofni viðskiptavina og að mikil áhersla hafi verið lögð á það undanfarin ár að mæta þeirra þörfum og óskum um þjónustu. Einn liðurinn í þeirri vegfærð væri að styrkja samtal og samskipti við viðskiptavinum og byggja í því sambandi á vegvísun Sjóvá um að sýna frumkvæði, tala skýrt og segja hlutina eins og þeir eru. Björgólfur greindi frá því að viðskiptavinir kynnu vel að meta þjónustunálgun félagsins, net útibúa og aukið stafrænt þjónustuframboð. Fram kom í máli Björgólfs að sterk ímynd og staða félagsins á markaði hafi verið staðfest í janúar þegar niðurstöður Íslensku Ánægjuvogarinnar voru kynntar og í ljós kom að Sjóvá átti ánægðustu viðskiptavinum á tryggingamarkaði á árinu 2020, fjórða árið í röð. Björgólfur greindi ennfremur frá því að Sjóvá hafi fengið hæstu einkunn sem náðst hafi frá upphafi á íslenskum tryggingamarkaði, eða 72,6.

Björgólfur fór yfir þá miklu seiglu sem sem starfsfólk félagsins hafi sýnt við þær sérstöku aðstæður sem uppi voru á árinu og að félagið hafi verið vel í stakk búíð til að aðlagðist nýju vinnuumhverfi strax í upphafi samkomutakmarkana vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Stærsti hluti starfsfólks hafi sinnt störfum sínum frá eigin heimili án þess að það hafi bitnað á þjónustuupplifun viðskiptavina og hafi starfsfólki tekist að auka enn ánægju viðskiptavina og auka sölu til einstaklinga. Eftirtektarverður árangur í rekstri og ánægju viðskiptavina endurspeglar þann kraft sem býr í starfsmannahópnum að mati Björgólfs og afhjúpar verðmæti einstakrar vinnustaðamanningar og jákvæðs starfsanda. Taldi Björgólfur metnað og vilja starfsfólks til að veita framúrskarandi þjónustu lykillinn að árangri félagsins á nýliðnu ári. Greint var frá því að starfsánægja hafi mælst hærrí en árið áður og að fylgni væri á milli ánægju starfsfólks og viðskiptavina. Kvað Björgólfur Sjóvá hafa haft gæfu til að velja úrvalsfólk til starfa og gæta þess að starfskjör og aðbúnaður starfsfólks væri með þeim hætti að félagið væri eftirsóknarverður vinnustaður.

Í máli stjórnarformannsins kom fram að Sjóvá ynni nú að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfsemi félagsins. Í samræmi við eðli rekstrarins hafi áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig væri leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla

JK
AK

að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13. Björgólfur sagði áherslur Sjóvár í formvörnum snúast um að tryggja heilsu og vellíðan með því að fækka alvarlega slösuðum og dauðsföllum m.a. vegna umferðarslysa. Leitast væri við að uppfylla markmið um ábyrga neyslu og framleiðslu, draga úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Fram kom að stærstu forvarnaverkefni Sjóvár á árinu 2020 hafi snúið að áhættuskoðunum og ráðgjöf til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði um brunavarnir og öryggi húsnæðis en aukning stærri brunatjóna væri áhyggjuefni og forgangsmál að tryggja öryggi á þessu sviði. Þá kom fram að félagið hefði tekið þátt í árveknisátaki Slysavarnafélagsins Landsbjargar um mikilvægi notkunar endurskinsmerkja. Björgólfur benti á að Sjóvá hafi um árabil verið aðalbakhjarl Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og að félagið væri þakklát sjálfbóðaliðum innan þeirra raða og stolt af því að tryggja þessa starfsemi og það fólk sem henni sinnir. Í ljósi góðrar rekstrarafkomu á árinu 2020 og áherslna um að styrkja innviði neyðarviðbragða hafi verið bætt enn frekar í samfélagslega styrki og hafi neyðarvarnir Rauða krossins m.a. fengið styrk frá félaginu undir lok síðasta árs til þess að þjálfa viðbragðshópa og kaupa neyðarbúnað. Jafnframt hafi Sjóvá tekið veglega þátt í fjármögnun á öndunarvélum sem Landsspítalanum voru færðar í upphafi faraldursins.

Því næst ávarpaði Björgólfur hluthafa félagsins og sagði arðgreiðslustefnu félagsins vera þá að greiða að lágmarki helming af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs, að því gefnu að félagið héldist áfram fjárhagslega sterkt. Fram kom að stjórn hefði lagt fram á aðalfundi þann 12. mars 2020 tillögu þess efnis að fresta ákvörðun um greiðslu arðs fyrir árið 2019 og hafi tillagan verið samþykkt. Tillaga stjórnar hafi tekið mið af tilmælum í yfirlýsingu EIOPA (e. The European Insurance and Occupational Pensions Authority) þess efnis að fresta öllum valkvæðum arðgreiðslum og endurkaupum sökum óvissunnar vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Fram kom að boðað hafi verið til hluthafafundar 25. nóvember þar sem lagt var til í ljósi aðstæðna að greiða ekki arð til hluthafa á árinu 2020 þar sem tilmæli EIOPA væru enn í gildi. Fjárhagslegur styrkur og þar með gjaldþol var á þeim tíma afar sterkt og hefði sannanlega staðið undir arðgreiðslu. Hluthafafundur samþykkti tillögu stjórnar og að hagnaður ársins kæmi til hækkunar eigin fjár félagsins. Björgólfur greindi frá því að þann 13. janúar sl. hafi fyrrgreind tilmæli eftirlitsaðila verið endurskoðuð og brýnt fyrir váttryggingafélögum að gæta ýtrustu varfærni við stýringu eiginfjár vegna óvissunnar af völdum faraldursins. Í því ljósi ákvað stjórn að leggja til á aðalfundi 2021 að fyrir árið 2020 yrði greiddur arður til hluthafa 1,99 kr. á hlut eða um 2.650 m.kr.

Björgólfur greindi frá því að fjárhagslegur styrkur félagsins væri mikill líkt og ársreikningur félagsins sýndi og að gjaldþolshlutfall félagsins væri 1,67 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu en samkvæmt lögum mætti gjaldþolið ekki vera lægra en 1,00. Gjaldþolshlutfallið væri nálægt efri mörkum áhættuvilja stjórnar og sagði Björgólfur að leitast yrði við að færa gjaldþolshlutfall til fyrra horfs þegar óvissa í efnahagslífinu myndi minnka. Eiginfjárhlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu væri 33,1%, fjárhagsstaða félagsins áfram traust og félagið eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri. Fram kom að ákvörðun stjórnar um tillögu um greiðslu arðs væri tekin í fullu samráði við eftirlitsaðila á markaði. Þá kom fram að stjórn myndi einnig leggja til við

JE
AK

aðalfund að endurnýja heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar á árinu 2021 líkt og undanfarin ár. Markmið með endurkaupaáætlun væri líkt og áður að lækka hlutfé félagsins og stuðla að hagkvæmri fjámagnsskipan.

Björgólfur benti á að hluthafahópur Sjóvár væri fjölbreyttur og að hluthöfum hafi fjölgað nokkuð milli ára. Fram kom að lífeyrissjóðir ættu yfir helming hlutfjár, einstaklingar og fyrirtæki væru annar stærsti hópur hluthafa með rúman þriðjung hlutfjár. Erlendir sjóðir sem áttu um tíma allt að 15% hlutfjár hafi vikið úr hluthafahópnum. Björgólfur sagði talsverð viðskipti hafa verið með hlutabréf Sjóvár líkt og áður og bauð hann nýja hluthafa velkomna.

Að lokum þakkaði Björgólfur meðstjórnarmönnum fyrir samstarfið á árinu. Fyrir hönd stjórnarinnar þakkaði hann Hermanni Björnssyni forstjóra félagsins fyrir gott samstarf og góðan árangur á árinu. Þá kvað hann starfsmenn félagsins hafa staðið sig með miklum sóma á árinu og að stjórnin þakkaði þeirra framlag. Hluthöfum þakkaði Björgólfur traust til stjórnar og greindi síðan frá þeirri skoðun sinni að félagið væri ekkert án viðskiptavina og kvaðst vilja þakka þeim samfyldina á árinu 2020.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2020 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu. Hann greindi frá því að afkoma af fjárfestingastarfsemi hafi verið umfram vætingar og þess sem að alla jafna mætti vænta þar sem ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu hafi numið 13,2%. Þá hafi afkoma af váttryggingastarfsemi numið tæpum 2 ma.kr. og skilað 92% samsettu hlutfalli en það væri markmiðið að til lengri tíma litið væri samsett hlutfall að jafnaði um 95%. Þegar vel gengi gæti það verið nær 90% og þegar verr áraði í kringum 100%.

Hermann varpaði upp á skjá nokkrum myndum úr starfseminni sem hann sagði ramma inn farsælt ár að baki. Á glærunum mátti sjá yfirlit og umfjöllun um;

- Samsetningu afkomu fyrir skatta vegna fjárfestinga- og váttryggingastarfsemi.
- Sterka ímynd og stöðu félagsins á markaði
- Ánægjuvögina og ánægju viðskiptavina og starfsmanna sem aldrei hefur mælst hærri
- Samfélagslega ábyrgan rekstur
- Árherslur félagsins á frekari sókn, heilbrigðan iðgjaldavöxt og afburða þjónustu
- Yfirlit yfir ýmis verkefni og áfanga sem félagið náði á árinu.

Að lokinni umfjöllun um ofangreind atriði kvaðst Hermann vilja nota tækifærið og þakka stjórn og samstarfsfólki fyrir afar gott og farsælt samstarf. Hluthöfum og viðskiptamönnum þakkaði hann sérstaklega tryggðina um leið og hann bauð nýja velkomna í hópinn.

Þá vék Hermann að ársreikningi ársins 2020. Kvaðst hann ætla að tæpa á helstu atriðum og vísa til skýringa í reikningnum þar sem við ætti. Til að byrja með benti Hermann á að ársreikningurinn hafi verið staðfestur af stjórn félagsins og forstjóra 11. febrúar sl. og þann sama dag hafi endurskoðendur félagsins, KPMG, gefið fyrirvaralaust álit sitt á því að reikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu og fjárhagsstöðu í árslok. Hermann tók fram að samstæðan samanstæði af móðurfélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum, Sjóvá-Almennum líftryggingum og Sjóvá Forvarnahúsinu.

JK
AK

Um rekstrarreikninginn

Greindi Hermann frá því að iðgjöld ársins hafi numið 20,8 ma. og hækkað um 199 m.kr. eða 1,0% frá árinu áður en eigin iðgjöld hafi numið 19,8 ma og hækkað um 0,6%. Samkvæmt Hermann námu fjárfestingatekjur 5,3 ma samanborið við 3,6 ma árið áður, en afkoma af fjárfestingastarfsemi mun hafa verið yfir væntingum á árinu. Heildartekjur hækkuðu um 7,5% milli ára og voru 25,3 ma.

Eigin tjón ársins námu 14,2 ma samanborið við 14,1 ma árið 2019 og hækkuðu þau um 1,2% milli ára eða um 167 m.kr. Tjónahlutfall hækkaði um 0,7% á milli ára. Rekstrarkostnaður ársins 2020 nam 4,5 ma samanborið við 4,3 ma árið 2019 og kostnaðarhlutfallið hækkaði um 0,3% á milli ára. Heildargjöld með tjónum námu 19,4 ma. og hagnaður fyrir tekjuskatt 5.9 ma. Reiknaður tekjuskattur var 608 m.kr. og hagnaður eftir skatta 5,3 ma miðað við 3,9 ma. árið áður.

Um efnahagsreikninginn

Samkvæmt Hermann hækkuðu heildareignir félagsins úr 51,0 ma árið 2019 í 59,3 ma. Rekstrarfjármunir hækkuðu úr 402 m.kr. í 493 m.kr. Verðbréf hækkuðu úr 36,6 ma í 43,8 ma. Hér benti Hermann á skýringu 19 og 20 um flokkun og gangvirði fjáreigna. Hermann kvað endurtryggingaeignir hafa lækkað úr 1,4 ma í 1,3 ma og viðskiptakröfur hækkað í 6,7 ma úr 6,5 ma. Handbært fé nam 1,2 ma í samanburði við 969 m.kr. árið áður. Hermann greindi frá því að eigið fé hafi numið 21,4 ma í árslok 2020, en SCR gjaldþolshlutfall sbr. skýringu 25, hækkaði úr 1,67 í 1,91 fyrir áætlaða arðgreiðslu. Benti Hermann á að breytingar á eigin fé síðustu tveggja ára kæmi fram á eiginfjárfirliti sem hann ætlaði ekki að fara sérstaklega yfir nema um beðinn. Þá kom fram að váttryggingaskuld hækkaði í 29,9 ma úr 27,6 ma. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka hækkaði í 5,3 ma úr 4,5 ma milli ára og viðskiptaskuldir og aðrar skuldir hækkuðu í 2,7 ma úr 2,6 ma árið áður.

Þá taldi Hermann rétt að benda sérstaklega á nokkrar skýringar með reikningnum. Það er;

- Skýringu nr. 3 um reikningshaldslegt mat.
- Skýringu nr. 4 um breytingar á reikningskilaaðferðum og framsetingu
- Skýringar 29 til 36 um áhættustýringu félagsins.

Að lokinni yfirferð Hermanns yfir ársreikninginn opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til þeirra Björgólfs og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar. Þá útskýrði fundarstjóri einnig vel fyrirkomulag og framkvæmd hinna rafrænu kosninga.

Þegar gengið var til atkvæðagreiðslu um ársreikninginn, var mætt fyrir eigendur samtals 80,4% hlutafjár í félaginu.

Engar umræður urðu um ársreikninginn og var hann borinn undir fundinn og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri greindi fyrst frá tillögu stjórnar eins og hún var auglýst.

Tillagan var á það leið að greiddir yrði arður, kr. 1,99 á hlut fyrir rekstrarárið 2020 eða um 2.650 m.kr. Arðsákvörðunardagur yrði 12. mars 2021 og að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2021, sem myndi teljast arðsréttindadagur, ættu rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag yrði 15. mars 2021 og yrði hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs yrði 30. mars 2021.

SE
AK

Engar frekari umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins hefði lagt fram starfskjarastefnu sem stjórnin legði til að yrði samþykkt. Hún greindi einnig frá því að starfskjarastefnan væri efnislega óbreytt frá því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi og aðeins lagt til að orðinu jafnréttisstefna yrði skipt út fyrir orðið mannréttindastefna í samræmi við gildandi stefnu félagsins.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga um lækkun hlutafár vegna kaupa á eigin hlutum

Kynnt var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um lækkun á hlutfé þess:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 12. mars 2021 samþykkir að hlutfé félagsins verði, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, lækkað um kr. 1.851.174 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutfélög. Hlutfé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.335.957.552 að nafnverði í kr. 1.334.106.378 að nafnverði.“

Á fundinum var vísað til greinargerðar stjórnar um tillöguna.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

Tillaga I:

Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækkun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykta félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. hljóði eftirleiðis svo:

„Hlutfé félagsins er kr. 1.334.106.378 – einn milljarður þrjú hundruð þrjátíu og fjórar milljónir eitt hundruð og sex þúsund þrjú hundruð sjötíu og átta krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga II:

Gerð er tillaga um breytingu á 24. gr. samþykta sem lýtur að starfstíma endurskoðanda eða endurskoðunarfélags og smávægilegri orðalagsbreytingu á núgildandi 5. málslíð sömu greinar.

Í stað eftirfarandi setninga í 2. – 4 málslíð

„Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal kjörinn á aðalfundi félagsins til fimm ára í senn, sbr. lög um vátryggingastarfsemi. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfélag fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma skv. 2. málslíð lauk. Þrátt fyrir ákvæði 2. málslíðar getur félagið vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu álitum endurskoðunarnefndar.“

komi

„Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal kjörinn á aðalfundi félagsins og í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun.“

Þá komi í stað orðanna „til eftirlits“ í lok nágildandi 5. málslíðar 24. gr. „til að sinna hlutverki sínu“. Málslíðurinn verður eftirleiðis 3. málslíður ef tillagan verður samþykkt.

Ákvæði 24. gr., sem verður að 26. gr. verði Tillaga III og IV samþykktar, orðast þá í heild sinni svo:

24. gr. Endurskoðendur

Ársreikningurinn skal endurskoðaður af endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal kjörinn á aðalfundi félagsins og í samræmi við lög nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun. Endurskoðendur hafa, hvenær sem er, aðgang að bókum félagsins til að sinna hlutverki sínu. Endurskoðandi má ekki vera í stjórn félagsins, framkvæmdastjóri þess eða starfsmaður og skal að öðru leyti fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem lög kveða á um.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga III:

Gerð er tillaga um nýja grein samþykkt, 18. gr. sem hljóði svo:

18. gr. Rafrænir hluthafafundir

Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur að hluta eða öllu leyti. Hluthafa skal þó ávallt gefinn kostur á að greiða atkvæði, bréflaga eða rafrænt, um þau mál sem eru á dagskrá hluthafafundar.

Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hún tryggja að rafrænn fundur fari fram á öruggan hátt og að tækjabúnaður tryggji að uppfyllt séu lagaskilyrði sem gerð eru til hluthafafundar samkvæmt hlutafélagalögum.

Þess skal getið í fundarboði fari fundur fram með rafrænum hætti. Fundarboðið skal þá jafnframt bera með sér upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um hvernig hluthafar geta tilkynnt um rafræna þátttöku sína og hvar þeir geti nálgast upplýsingar um framkvæmd rafrænnar þátttöku.

Hluthafar sem hyggjast taka þátt í rafrænum hluthafafundi skulu tilkynna um þátttöku sína með hæfilegum fyrirvara sem geta skal um í fundarboði.

Af þessu leiðir að verði tillagan samþykkt þá breytast nágildandi númer greina 18 til 28 í samþykktum félagsins til samræmis og verða eftirleiðis greinar 20 til 30 verði Tillaga IV jafnframt samþykkt.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga IV:

Gerð er tillaga um nýja grein samþykkt, 9. gr. sem hljóði svo:

9. gr. Rafræn skjalasamskipti.

Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafpósts í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa, svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli

KE
IAK

hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír. Stjórn félagsins skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gera skal til hugbúnaðar sem vera skal hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn félagsins setur.

Af þessu leiðir að verði tillagan samþykkt þá breytast nógildandi númer greina 9 til 28 í samþykktum félagsins til samræmis og verða eftirleiðis greinar 10 til 30 verði Tillaga III jafnframt samþykkt.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Katrín S. Óladóttir formaður tilnefningarnefndar greindi frá störfum nefndarinnar, tilgangi og tillögum. Katrín kvað nefndina hafa fundað 9 sinnum á Teams á tímabilinu frá 5. nóvember 2020 til 12. febrúar 2021. Á fyrsta fundi hafi nefndin gert starfsáætlun, rætt verklag og hvaða lærdóm mætti draga af síðasta ferli. Þá fundaði nefndin með forstjóra félagsins með það fyrir augum að fá upplýsingar um rekstur þess og um störf stjórnar frá síðasta aðalfundi. Katrín greindi frá því að allir stjórnarmenn félagsins hafi lýst sig reiðubúna til að halda áfram störfum sínum fyrir félagið. Fram kom að mikill samhljómur hafi verið með stjórn, hluthöfum og starfsmönnum. Mikil ánægja hafi verið með stjórnarstörfin, stjórnarmenn vel undirbúnir og virkir í þátttöku sinni í stjórn félagsins. Fram hafi komið að framkvæmdastjórn og forstjóri væru öflugt teymi. Katrín kvað nefndina hafa rætt við 10 frambjóðendur en að fjórir þeirra hafi dregið framboð sitt til baka eftir að ljóst var að þeir yrðu ekki tilnefndir.

Að lokum greindi Katrín frá því að tilnefningarnefndin væri einróma sammála því að leggja til að stjórn félagsins yrði áfram skipuð sömu stjórnarmönnum. Það er þeim Björgólfi Guðmundssyni, Guðmundi Erni Gunnarssyni, Hildi Árnadóttur, Inga Jóhanni Guðmundssyni og Ingunni Agnesi Kro. Til vara þeim Ernu Gísladóttur og Garðari Gíslasyni.

Fram kom að nefndin teldi hópinn mynda sterka og faglega heild sem byggi yfir mikilli reynslu og breiðri og mikilli þekkingu á fjármálum, reikningsskilum og lagaskilyrðum skráðra félaga.

Að lokum þakkaði Katrín gott samstarf og kom hún á framfæri sérstökum þökkum nefndarinnar til Pálínar Daggar Helgadóttur fyrir einstaklega gott samstarf og aðstoð við nefndina.

8. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Hólatúni 2, 600 Akureyri.
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Funafold 87, 112 Reykjavík.
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík
- Már Wolfgang Mixa, kt. 060265-5269, Brekkugötu 10, 2210 Hafnarfirði

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi,
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.

JK AK

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag kosninganna og vísaði til 18. gr. samþykktu félagsins í því sambandi. Í máli fundarstjóra kom fram að ekki væri hægt að veita fleirum en fimm frambjóðendum atkvæði sitt.

Bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls undir þessum lið en enginn kaus að gera það. Fór þá atkvæðagreiðslan fram og í framhaldi var niðurstaðan kynnt. Eftirtaldir aðilar hlutu kosningu í aðalstjórn félagsins:

- Björgólfur Jóhannsson
- Guðmundur Örn Gunnarsson
- Hildur Árnadóttir
- Ingi Jóhann Guðmundsson
- Ingunn Agnes Kro

Sjálfkjörin í varastjórn voru þau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason

Þá var gengið til næsta dagskrárliðar

9. Kosning endurskoðanda/endurskoðunarfélags

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins til fimm ára á aðalfundi félagsins 15. mars 2018 og er það í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Samkvæmt sama lagaákvæði verður kjörnum endurskoðanda eingöngu vikið frá innan þess kjörtímabils að fengnu álitni endurskoðendaráðs. Þar sem fimm ára kjörtímabili KPMG er ekki lokið var það tillaga stjórnar að staðfesta að KPMG yrði áfram endurskoðunarfélag Sjóvá.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Af hálfu stjórnar var lagt til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr kr. 385.000 á mánuði í kr. 398.000 og að laun stjórnarformanns yrðu hækkuð úr kr. 755.000 á mánuði í kr. 781.000. Þá var lagt til að hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla kr. 398.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 137.000 fyrir hvern setinn fund.

Lagt var til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar yrði kr. 31.000 á mánuði og kr. 41.000 fyrir hvern fund og að formaður fengi 50% álag.

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

11. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu en samkvæmt 9. gr. samþykktu félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir. Tillagan hljóðaði svo:

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 12. mars 2021 veitir stjórn félagsins heimild, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, til að kaupa allt að 133.410.638 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera

JK AK

hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist.


Enginn kaus að taka til máls.

Að svo búnu fól fundarstjóri fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykka félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fundastjóri þakkaði fundarmönnum fyrir og lýsti ánægju sinni með hina rafrænu kosningu og hversu vel hún hafi gengið


Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:06.

Fundarstjóri:



Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:



Ásdís Kjerulf, hdl.